



Fyrsta landsmót tímabilsins var haldið í Kópavogi í dag. Í loftskammbyssu kvenna sigraði Jórunn Harðardóttir með 373 stig en í karlaflokki sigraði Ásgeir Sigurgeirsson með 579 stig. Í loftríffli kvenna sigraði Íris Eva Einarsdóttir með 399,9 stig en í karlaflokki sigraði Guðmundur Helgi Christensen á nýju Íslandsmeti með 601,7 stig. Þau keppa öll fyrir Skotfélag Reykjavíkur. Von er á nánari fréttum fljótlega.